

útgerðarmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1950, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 48.

Lög um sölu lögveða án undangengins lögtaks, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 49.

Lög um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 50.

Lög um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1951, nr. 51.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 6. marz 1951, nr. 52.

Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 53.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Dalvíkur.

10

18. jan.

I. RAFORKA

Rafveita Dalvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Suða.

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einungis seld raforka til fasttengdra suðutækja.

C. Vélar.

Þar sem orkan er seld til vélareksturs skal hún seld um kwst.mæli á kr. 1.80 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu- og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALÆIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. | kr. 2.00 á mánuði. |
| 2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 3.00 — — |
| 3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp. | — 7.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

10

18. jan.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafkerfi rafveitunnar, skal greiða heimtaugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunn gjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 760.00
2. Grunn gjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 1140.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppt í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat. Húseigandi greiðir grunn gjald heimtaugar um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimtaugargjaldsins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meira en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3 sinnum 70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Dalvíkur, nr. 55 frá 6. apríl 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

11

22. jan.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um söluskatt frá 13. júlí 1950.

Aftan við 6. gr. C. komi nýr töluliður, sem verður nr. 14, svo hljóðandi:
Flutningar á sjó á innlendum afurðum.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.